



Geislavarnir ríkisins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstaða.....	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
5.1	Inngangur	8
5.1.1	Ferðakostnaður.....	8
5.1.2	Risna.....	8
5.1.3	Opinber innkaup	8
5.1.4	Innkaupakort.....	8
5.2	Niðurstaða.....	8
6	Endurskoðun efnahagsliða	9
6.1.1	Ríkissjóður.....	9
6.1.2	Viðskiptakröfur	9
6.1.3	Handbært fé.....	9
6.2	Eigið fé og skuldir	9
6.2.1	Höfuðstóll	9
6.2.2	Viðskiptaskuldir.....	9
6.3	Niðurstaða.....	10
7	Önnur atriði	11
7.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	11
7.2	Lögfræðibréf	11
7.3	Óhæðisyfirlýsing.....	11
7.4	Umfang endurskoðunar	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Geislavarna ríkisins fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Geislavarna ríkisins var síðast tekinn til endurskoðunar árið 2010 vegna ársins 2009.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Geislavarna ríkisins fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 til Geislavarna ríkisins nam 88,0 m.kr. 1,0 m.kr. var millifærð af liðnum 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt til Geislavarna ríkisins til að mæta lækun á sértekjum. Heildarframlag ársins nam því 89,0 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 88,1 m.kr. og varð því 0,9 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 samanborið við 1,1 m.kr. tekjuafgang árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt samanburði við niðurstöðu rekstrarreiknings árið 2015.

Í þús.kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Reikningur 2016	Frávik 2016	Reikningur 2015
Sértekjur	-46.300	-46.300	-44.136	-2.164	-52.480
Launagjöld	83.000	83.000	82.924	76	84.435
Önnur rekstrargjöld	38.600	39.600	41.248	-1.648	41.798
Eignakaup	12.700	12.700	4.223	8.477	2.316
Tilfærslur	-	-	3.807	-3.807	4.195
Samtals	88.000	89.000	88.066	934	80.264

Eignakaup voru 8,5 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og sértekjur voru einnig 2,2 m.kr. lægri en fjárheimildir. Tilfærslur voru 3,8 m.kr. hærri en fjárheimildir og rekstrargjöld 1,6 m.kr. hærri en fjárheimildir.

Tekjuafgangur ársins bætist við uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára, sem var 4,1 m.kr. í árslok 2016.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til áætlanagerðar, áætlanir skráðar í fjárhagskerfið og að reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Gert var ráð fyrir 0,2 m.kr. tekjuafgangi en niðurstaðan varð 0,9 m.kr.

3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2016 nam 0,9 m.kr. og var 0,7 m.kr. umfram rekstraráætlun stofnunarinnar. Uppsafnaður tekjuafgangur í árslok 2016 nam 4,1 m.kr.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Geislavarna ríkisins, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ýmsir þættir innra eftirlits eru til staðar en aðra þætti má bæta til að auka skilvirkni innra eftirlits.

Geislavarnir ríkisins eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Auk þess fer launaafgreiðsla stofnunarinnar fram hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhagskerfi ríkisins eru notuð fyrir bókhalds- og launavinnslu og Tekjubókhaldskerfi ríkisins er notað fyrir reikningagerð.

Ríkisendurskoðun bendir á að ekki er um að ræða aðgreiningu starfa hjá stofnuninni milli bókhalds- og gjaldkerastarfa þar sem gerð reikninga, afstemming bankareiknings, merking bókhalds og greiðsla reikninga er unnin af sama starfsmanninum.

Skjalfestar verklagsreglur eru til staðar hjá Geislavörnum ríkisins en þær þarf að betrumbæta. Ríkisendurskoðun hvetur stjórnendur til að vinna áfram með verklagsreglurnar og skerpa jafnframt á innra eftirliti með áherslu á aðgreiningu starfa.

Ríkisendurskoðun mælist til að farið sé eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu. Ferlið þarf að byggjast á því að sá sem stofnar til kostnaðarins staðfesti að um réttan reikning sé að ræða og forsendur séu réttar s.s. verð og magn. Síðan kemur samþykki yfirmanna eða staðfesting á að kaupin séu heimiluð og hafi verið í samræmi við innkaupareglur og fjárheimildir ásamt því að vera rétt merkt til skráningar. Hægt er að hafa samþykktarferil einfaldan þegar um er að ræða reglulegar eða samningsbundnar greiðslur.

Við úrtaksskoðun á ráðningarsamningum kom í ljós að ráðningarsamningur var ekki undirritaður af forstöðumanni, heldur öðrum starfsmanni sem taldi sig hafa umboð til þess án þess að um skriflegt framsal væri að ræða. Bent er á að í 42. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 segir að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns og starfsmanns. Þar sem tilgreint er sérstaklega að ráðningarsamningur sé milli forstöðumanns og starfsmanns er mælt til að í þeim tilvikum sem forstöðumaður undirritar ekki ráðningarsamninga liggi ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningarsamninga í umboði hans og það skjalfest. Í ljósi þess hve fáir starfsmenn starfa hjá stofnuninni verður eftir sem áður að telja eðlilegt að forstöðumaður undirriti sjálfur ráðningarsamninga.

4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að aðgreina þarf ábyrgð á meðferð fjármuna og heimildum til útgjalda með aðgreiningu starfa. Þá mælist Ríkisendurskoðun til að farið sé eftir þeirri meginreglu við samþykkt reikninga að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu. Enn fremur bendir Ríkisendurskoðun á að framsal á samþykki ráðningarsamninga við starfsmenn sé skjalfest og undirritað af forstöðumanni.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í þriðja kafla. Eftirfarandi liðir voru teknir til fylgniskoðunar vegna ársins 2016:

5.1.1 Ferðakostnaður

Ferðakostnaður erlendis nam 8,7 m.kr. árið 2016. Umsóknir og uppgjör vegna ferðareikninga voru í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins.

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins ekki fylgt í öllum tilfellum. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar erlendis, skal far með flugvélum miðast við almenn farrými flugvéla. Í úrtaksskoðun kom upp dæmi um að greitt var fyrir dýrara farrými og fengust skýringar á því tilviki.

5.1.2 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir. Geislavarnir ríkisins nota ekki staðlað eyðublað vegna risnu eða risnuheimild. Ríkisendurskoðun bendir á að ávallt skal koma fram á reikningum, tilefni risnu og hverjir nutu hennar.

5.1.3 Opinber innkaup

Innkaupastefna og verklagsreglur varðandi innkaup eru skjalfestar.

5.1.4 Innkaupakort

Innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni en samtals fjögur innkaupakort eru í notkun.

5.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun mælist til að risnuheimild fylgi risnureikningum.

6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Geislavarna ríkisins 7,6 m.kr., skuldir námu 3,5 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 4,1 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Inneign hjá ríkissjóði	115	234	-118
Viðskiptakröfur	4.071	1.866	2.205
Handbært fé	3.402	3.255	147
Eignir alls:	7.588	5.354	2.234
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	4.064	3.130	934
Viðskiptaskuldir	3.524	2.224	1.300
Eigið fé og skuldir alls:	7.588	5.354	12.942

6.1 Eignir

6.1.1 Ríkissjóður

Inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð nam 0,1 m.kr. í árslok 2016 og hafði lækkað um 0,1 m.kr. frá fyrra ári.

6.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 4,1 m.kr. í árslok 2016 og lækkuðu um 2,2 m.kr. milli ára. Viðskiptakröfur voru greiddar í upphafi árs 2017.

6.1.3 Handbært fé

Handbært fé nam 3,4 m.kr. í árslok 2016 og er svipað og árið áður. Einn bankareikningur er hjá Geislavörnum ríkisins og hafa þrír starfsmenn prókúru á þann reikning. Beiðni um staðfestingu á stöðu bankareikninga var send til viðskiptabanka og var samræmi á milli stöðu bankareiknings í bókhaldi og stöðu bankareiknings í árslok. Ríkisendurskoðun bendir á að þörf stofnunarinnar fyrir bankareikning verði skoðuð með tilliti til þess að stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og til hvers bankareikningurinn er notaður.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 4,1 m.kr. í árslok 2016 en í lok árs 2015 var höfuðstóll jákvæður um 3,1 m.kr. Tekjuafgangur ársins 2016 nam 0,9 m.kr. sem skýrir hækkun frá fyrra ári.

6.2.2 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 3,5 m.kr. í árslok 2016 og höfðu lækkað um 1,3 m.kr. frá síðasta ári. Reikningar sem skráðir voru ógreiddir í árslok voru greiddir í upphafi árs 2017.

6.3 Niðurstaða

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda að öðru leyti en því að bent er á að þörf stofnunarinnar fyrir að vera með bankareikning verði skoðuð með tilliti til þess að stofnunin er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

7 Önnur atriði

7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstöðumanni og fjármálafulltrúa þann 12. apríl 2017.

7.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi Geislavarna ríkisins og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, m.a. í því sem fram kom í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi.

7.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda, sem sáu um endurskoðun hjá Geislavörnum ríkisins voru undirritaðar.

7.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Geislavörnum ríkisins var undirrituð af ríkisendurskoðanda og settum forstöðumanni Geislavarna ríkisins.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Geislavarna ríkisins.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is